# Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

| **Nafn og kt. rekstraraðila:** Hólaskóli | **Dags. eftirlits:** 20-10-2017 | **Staðsetning stöðvar:** Hólum | **Starfsleyfisflokkur:** |
|---|---|---|---|
| **Tengiliður:** Einar Svavarsson | **Netfang:** einar@holar.is | **Sími:** 892-5508 | **Gerð stöðvar:** Landeldi |
| **Gildistími starfsleyfis:** 10-08-2032 | **Kvittun afhend:** Já | **Viðstaddir eftirlit:** | **Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:** |

| Starfssemi | Já / Í lagi | Nei / Ekki í lagi | Á ekki við | Athugasemdir: |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | 640 lítrar bleikjuhrong<br>Seiði 80.000 stk, 600 kg<br>Bleikja, 3.5 tonn |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar? | x | | | Engin breyting, áætlað að setja nýja lögn fyrir vatn. Ekki búið að taka í notkunn. |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | | x | | |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | x | | Hefur ekki verið skilað |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | Á ekki við |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og | x | | | Í lagi |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ótímabundinnar<br>rekstrarstöðvunar) | | | | |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | Á ekki við |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | | | x | Á ekki við |
| Er neyðaráætlun til staðar? | x | | | |

| **Umhverfi** | **Já / Í lagi** | **Nei / Ekki í lagi** | **Á ekki við** | **Athugasemdir:** |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | x | | Ekki komið en er í vinnslu |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | x | | | Fóðrað eftir vaxtaráætlun, tékkað sjónrænt á hvort fóðurleifar séu í kerum. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br><br>Mælingar eða útreikningar?<br><br>Síðustu mælingar? | x | | | Engar skráningar og mælingar hafa ekki verið gerðar |
| Ástand frárennslis (landeldi).<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli?<br>Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | x | | | Tromlusía – seyra fer í settanka, svo dælt upp í haugsugu og notað í landbætur. Vatn rennur áfram í læk. |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | x | | | Lækur rennur í Hjaltadalsá |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | | | | |
| Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | x | |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | x | | nei |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | x | |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | x | |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | x | |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | Engin olía eða spilliefni<br>Dauðfiskur fer í loðdýrafóður á Sauðárkróki |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | x | | |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | x | | |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi? | x | | | Áætlað að taka sýni í nóvember 2017. Seinkun um ½ ár.<br>Ekki búið að velja sýnatökuaðila, sennilega Sýni skv. viðmælenda. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hver sér um mælingarnar? | | | | |

| | |
|---|---|
| **Niðurstöður síðasta eftirlits:**<br><br>Síðasta eftirlit 11.09.2017 | |
| **Samantekt:** | Bleikjueldi, affall í Hjaltadalsá. Tromlusía í frárennsli. |
| **Frávik** | Ársskýrslu hefur ekki verið skilað<br>Umhverfismarkmið vantar<br>Umhverfisvöktun ekki í samræmi við starfsleyfi<br>Skráningar ekki í samræmi við starfsleyfi |
| **Athugasemdir** | |
| **Annað** | |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* Helga V. Sigmundsdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi   Hólar í Hjaltadal**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 20.10.2017 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Kynbóta- og rannsóknastöð í | **Eftirlitsmaður** | Helga V. Sigurjónsdóttir |
| **Heimili** | Hólar í Hjaltadal | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 500169-4359 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Einar Svavarsson | **ÍSAT nr.** | 03.22.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða að rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið, mælingar hafa ekki verið gerðar í frárennsli, ársyfirliti hefur ekki verið skilað og skráningar uppfylla ekki kröfur starfsleyfis.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.
Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| Gr. 2.1 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2017. Umhverfismarkmiðin hafa ekki borist eftirlitsaðila. Vinna við markmiðin er hafin og hefur rekstraraðili frest til 1. feb nk. til að skila þeim inn. |
| Gr. 4.3 í starfsleyfi | Mælingar skal gera í frárennsli og viðtaka fjórða hvert ár. Mælingar skal gera að vetri til og niðurstaða skal berast um leið og hún liggur fyrir en ekki síðar en fyrir 1. maí. Fyrstu mælingar skv. þessari grein skulu fara fram veturinn fyrir 1. maí 2017. Mælingar í frárennsli höfðu ekki verið gerðar er eftirlitið fór fram en hafa nú verið framkvæmdar. Beðið er niðurstöðu greiningar. |
| Gr. 4.5 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit fyrir árið 2016 hefur ekki borist eftirlitsaðila. Rekstraraðili hefur fengið frest til 1. feb. nk. til að skila inn ársyfirliti 2016. |
| Gr. 4.1 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skráningar rekstraraðila uppfylla ekki kröfur starfsleyfisins. Skráningar verða lagfærðar fyrir 1. feb. nk. |

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Þetta er fyrsta eftirlit með nýju starfsleyfi sem gefið var út þann 10. ágúst 2016, en rekstraraðili hafði áður starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

30.11.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir